

## Fréttatilkynning innköllun

Dagsetning 14.01.2025

### Innköllun á Til Hamingju Chili jarðhnetur vegna vanmerkingar á ofnæmis- og óþolsvald.

Nathan & Olsen hf. hefur innkallað vöruna **Til Hamingju Chili jarðhnetur** sem er með best fyrir dagsetningarnar 28.02.25, 22.07.25 og 25.09.25. Er þetta gert með tilliti til varúðarsjónarmiða og með hliðsjón af neytendavernd, en Nathan & Olsen vill tryggja að allar vörur sem fyrirtækið dreifir uppfylli ýtrustu gæðakröfur.

Ástæða innköllunar er að ofnæmis- og óþolsvaldurinn **soja** er ekki tekinn fram á umbúðum.

Vörunúmer	Nafn/ Vöruheiti	Best fyrir	Strikanúmer
421045	Til Hamingju Chili jarðhnetur 150 g	28.02.25, 22.07.25 og 25.09.25	569059092495



Vörunni var dreift í eftirfarandi verslanir: Hagkaup, Verslunin Blómsturvellir, Verslunin Einar Ólafsson, Pétursbúð, Fjarðarbúðin, Fjarðarkaup, Fríhöfnin, Heimkaup, Hjá Jóhönnu, Hlíðarkaup, Jónsabúð, K.f. V-Húnvetninga, Lyfjabúrið, Melabúðin, Skerjakolla, Skálinn Þorlákshöfn, Smáalind, Verslunin Álfheimar, Verslunin Árborg, Verslunin Ásbyrgi og Verslunin Kassinn.

**Þau sem keypt hafa vörur með ofangreindri „best fyrir“ dagsetningu og hafa ofnæmi eða óþol fyrir soja eru vinsamlega beðin um að neyta þeirra ekki eða skila þeim til Nathan & Olsen hf., Klettagörðum 19. Varan er skaðlaus þeim sem ekki eru með ofnæmi eða óþol fyrir innihaldsefnum hennar.**

Frekari upplýsingar veitir þjónustuver í síma 530-8400 og Sigríður Erla Markúsdóttir gæðastjóri á netfanginu [sigridur.markusdottir@1912.is](mailto:sigridur.markusdottir@1912.is).

Virðingarfyllst,

Sigríður Erla Markúsdóttir

Gæðastjóri 1912 / Nathan & Olsen / Ekrunnar/ Emmessíss.